

**Ed.**

**378. Frumvarp til laga**

[213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Flm.: Árni Johnsen, Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason,  
Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu á jörðinni skulu námuréttindi og réttur til efnistöku undanskilin, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal mat dómkvaddra manna ráða. Sé áformuð sala á jörðinni Þjóðólshaga I eða hluta hennar skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á, að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina og eignum ábúanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. um sama efni var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Jörðin Þjóðólshagi I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, er þjóðjörð og upphaflega ein af jörðum Þykkvabæjarklausturs. Stefán Jónsson fékk ábúð á jörðinni á árinu 1981 og tók við af föður sínum sem bjó þar um áratugi. Keypti Stefán nýtt íbúðarhús af föður sínum og önnur nothæf hús jarðarinnar. Hann hyggst reisa ný útihús og m.a. þess vegna hefur hann áhuga á að fá jörðina keypta.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. eru hliðstæð ákvæðum 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er gilda almennt við sölu ríkisjarða til ábúanda.

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með sölu á jörðinni til Stefáns Jónssonar og fylgja þau meðmæli hér með sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með því að Stefán Jónsson, nnr. 8350-8663, fái keypta ábúðarjörð sína, Þjóðólshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, en hún er ríkiseign. Stefán rekur búskap á jörðinni og hefur þar fasta búsetu.

F.h. hreppsnefndar,  
Hermann Sigurjónsson  
oddviti.